

# Tækniminjasafn Austurlands

## Fundargerð

Miðvikudagur, 30. júní 2021 kl. 14:00.

Fundað í gegnum fjarfundarbúnað Zoom.

Mætt á fundinn: Zuhaitz Akizu, Bjarki Borgþórsson, Elfa Hlín Pétursdóttir og Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð.

### 1. Fundur með ráðgjafanefnd Múlaþings

- Safnstjóri, ásamt Elfu Hlín, fundaði 24. júní með ráðgjafanefndar sem ætlað er að gera tillögur til umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings um ráðstafanir vegna húsa á og nærri skriðusvæði utan Búðarár á Seyðisfirði.
- Á fundinum var rætt um Angró og Wathne/Símstöðina.
- Stjórn samþykkir að Tinna Guðmundsdóttir, ásamt safnsstjóra, skrifi bréf til Byggðaráðs Múlaþings um samtal varðandi Angró, Vjélsmiðjuna og Wathne/Símstöðina.

### 2. Starfsmannahald

- Safnstjóri greinir frá því að Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú hafi boðist til að vinna fyrir safnið.
- Stjórn samþykkir og veitir safnstjóra heimild til að semja við Jónínu um kaup og kjör og í kjölfarið bera undir stjórn.

Fundi slitið kl. 14:30